



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
nefndarritara

Reykjavík, 23. febrúar 2004

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008

Vísað er til bréfs nefndarritara Umhverfisnefndar Alþingis, dags. 5. febrúar 2004, þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem lögð var fram á 130. löggjafarþingi 2003–2004, þskj. 716 — 477. mál..

Í umræddri þingsályktun er lagt til að á næstu fimm árum verði m.a. unnið að friðlýsingu á búsvæði fyrir fugla á svæði sem kallað er Álftaness – Skerjafjörður, en þetta svæði er innan Reykavíkur að hluta auk þess að tilheyra fjórum nágrannasveitarfélögum. Sá hluti þessa svæðis sem liggur í Reykjavík hefur að mestu leyti notið einhverrar verndunar þótt það sé ekki samkvæmt náttúruverndarlögum, fyrir utan Fossvogsbakka sem er náttúruvætti. Strandlengjan er hverfisvernduð í aðalskipulagi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum að undskildri spildu við flugvöllinn.

Í inngangi þingsályktunartillögunnar segir:

“Í einstökum friðlýsingum eru settar reglur um landnotkun eftir því hvaða áhrif hún hefur á hið friðlýsta svæði. Friðlýsing svæðis vegna einstakra lífvera og líffræðilegrar fjölbreytni þarf þannig að fullnægja þörfum viðkomandi tegunda til vaxtar og viðkomu en um leið er hægt að stunda aðra landnotkun sem ekki fer gegn markmiðum friðlýsingarinnar.”

Í kafla um framkvæmd náttúruverndaráætlunar segir:


“Umhverfisstofnun mun áður en drög að friðlýsingu verða lögð fram óska eftir athugasemdum og eiga viðræður við landeigendur og aðra hagsmunaaðila eftir því sem við á. Á grunni athugasemda og viðræðna verða mótuð drög að friðlýsingu. ... Við framkvæmd náttúruverndaráætlunar verður lögð áhersla á að kynning og samráð fari fram eins snemma í ferlinum og hægt er og að þeir aðilar sem teljast hafa sérstakra hagsmuna að gæta verði skilgreindir eins fljótt og auðið er. Þessari aðferðafræði er ætlað að stuðla að aðkomu hagsmunaaðila snemma í friðlýsingarferlinu og með því auka líkur á að sátt náist um friðlýsingu sem er grunnurinn að því að friðlýsingin nái þeim markmiðum sem að er stefnt.”



Ekki er gerð athugasemd við þau vinnubrögð sem boðuð eru í þingsályktunartillögunni heldur frekar tekið undir að nauðsynlegt sé að hafa samráð eins snemma og hægt er.

Afstaða Reykjavíkurborgar til friðlýsingar mun þó ekki liggja fyrir fyrir en borgaryfirvöld hafa fengið tillögur til umfjöllunar sem tilgreina hvaða kvaðir fylgi vernduninni og hvaða skorður hún kunnir að setja á athafnafrelsi Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,



Elly K.J. Guðmundsdóttir
forstöðumaður